



Grænni skógar I

Á VESTURLANDI

Skógræktarnám
2009-2011



Grænni skógar I á Vesturlandi 2009 - 2011

Grænni skógar I er heiti öflugsskógræktarnáms sem að þessu sinni er boðið fróðleiksþúsúm skógræktendum á Vesturlandi, sem vilja ná hámarksárangri í skógrækt. Námið er í raun 16 námskeið og þar af eru 13 skyldunámskeið. Fyrstu námskeiðin verða kennd á vorönn 2009 og þau síðustu haustið 2011. Að meðaltali eru 2,5 námskeið á önn.

Hvert námskeið stendur í tvo daga. Yfirleitt hefst kennsla kl. 16 á föstudögum og lýkur kl. 19. Á laugardögum er byrjað kl. 9 og kennt til kl. 16. Áhersla er lögð á verklega kennslu og vettvangsferðir eins og hægt er hverju sinni. Í upphafi annar eru gefnar út nákvæmar tíma- og staðsetningar fyrir hvert námskeið, ásamt upplýsingum um leiðbeinendur.

Landbúnaðarháskóli Íslands sér um skipulag námsins í samstarfi við **Vesturlandsskóga, Félag skógarbænda á Vesturlandi, Skógrækt ríkisins** og **Landgræðslu ríkisins**. Aðeins er hægt að taka 30 þátttakendur í Grænni skóga I. Þeir, sem ljúka 80 % af skyldunámskeiðunum, fá námið metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Nú eru um 30 bændur í Grænni skógum I á Norðurlandi og verið er að safna í hóp á Suðurlandi.

Fyrsti hópurinn í Grænni skógum I á Vesturlandi var útskrifaður sumarið 2008. Sama sumar útskrifaðist fyrsti hópur Grænni skóga II á Austurlandi. Sumarið 2007 útskrifuðust þrjú hópar úr Grænni skógum, einn á Suðurlandi, annar á Vestfjörðum og hinn þriðji á Austurlandi. Áður höfðu tveir hópar lokið náminu – annar var á Suðurlandi 2004 og hinn á Norðurlandi 2005.





Námskeið nr. 1 Vorönn 2009

>> Skógur og vistkerfi

Greint verður frá sögu og sérstöðu skógræktar á Íslandi. Jafnframt verður farið í helstu þætti sem ráða vexti og viðgangi skóga, eiginleika skógvistkerfa og möguleika í skógrækt hérlandis.



Námskeið nr. 2 Vorönn 2009

>> Undirbúningur lands til skógræktar

Fjallað verður um mismunandi landgerðir, helstu eiginleika þeirra og undirbúning skógræktar eftir aðstæðum. Kynntir verða mismunandi þættir í undirbúningi lands fyrir skógrækt, svo sem uppgræðsla, áburðargjöf, jarðvinnsla og slóðagerð.



Námskeið nr. 3 Haustönn 2009

>> Val á trjátegundum

Fjallað verður um ættkvíslir, trjátegundir og hugtök þeim tengd. Gefið verður yfirlit yfir útbreiðslu náttúrulegra skóga og söfnunarferðir íslenskra skógræktaráhugamanna. Gerð verður grein fyrir reynslu af ræktun ýmissa tegunda víða um land og niðurstöðum tegunda-, kvæma- og klónatilrauna. Farið verður yfir notagildi og vaxtarkröfur hverrar tegundar fyrir sig.



Námskeið nr. 4 Haustönn 2009

>> Skógarhönnun og landnýtingaráætlanir

Farið verður í heildarskipulagningu bújarða þar sem skóg- og skjólbeltarækt er hluti af landnýtingunni. Skoðaðir verða þættir eins og landlæsi, skógræktarskilyrði, umhverfisvernd, landslagsmótun með skógi og val á tegundum miðað við aðstæður og markmið með skógræktinni.



Námskeið nr. 5 Haustönn 2009

>> Frá örfoka landi til skógar

Fjallað verður um sértækar aðgerðir til að koma upp skógi þar sem jarðvegsrof er mikið og skógræktarskilyrði erfið.



Námskeið nr. 6 Valnámskeið Vortönn 2010

>> Girðingar

Þátttakendur fá fræðilega og verklega þjálfun í uppsetningu rafgirðinga. Fjallað er um undirbúning framkvæmda og efni til rafgirðinga, gerðir spennugjafa, tengingar við jarðskaut og vinnu við uppsetningu og frágang. Gerð er grein fyrir kostnaðaráætlunum og fjallað um val girðingarstæðis, uppsetningu hornstaura og hliða.



Námskeið nr. 7 Vorönn 2010

>> Uppeldi og gróðursetning skógarplantna

Kynntar verða helstu fjölgunar aðferðir á plöntum og farið ítarlega í gegnum ferlið við fjölgun og uppeldi skógarplantna. Einnig verður fjallað um meðhöndlun plantna, gróðursetningartíma og -aðferðir.



Námskeið nr. 8 Vorönn 2010

>> Sjúkdómar og tjón í skógi

Farið verður yfir sjúkdóma á trjágróðri og skemmdir af völdum skordýra, veðurfars, skógarelda og dýra. Fjallað verður um leiðir til að draga úr áföllum og minnka hættuna á skemmdum með fyrirbyggjandi aðgerðum.



Námskeið nr. 9 Haustönn 2010

>> Skógrækt erlendis

Farið verður til útlanda og aðstæður skoðaðar. Vegna erfiðleika í efnahagsmálum er útilokað að gefa upp nákvæman kostnað vegna ferðlagsins, sem tekur viku. Reynt verður að fá styrki til að ná kostnaði niður.



Námskeið nr. 10 Haustönn 2010

>> Skógarnytjar

Fjallað verður um allar mögulegar nytjar af skógi og náttúru-upplifun honum tengdar. Farið verður í „tálgunaraðferðir“ og þátttakendur fá að reyna efniseiginleika ólíkra trjátegunda.



Námskeið nr. 11 Haustönn 2010

>> Skógrækt og ferðabjónusta

Fjallað verður um fjölbreytt notagildi skóga til eflingar ferðabjónustu. Kynnt verður hvernig auka megi útivistagildi skóga, hvernig skapa megi skógarmenningu á Íslandi og fjallað verður um útivist og viðburði sem tengjast viðfangsefninu.



Námskeið nr. 12 Vorönn 2011

>> Skjólbelti

Farið verður yfir markmið og tilgang ræktunar, staðsetningu skjólbelta og skipulagningu skjólbeltakerfa. Fjallað verður um uppbyggingu skjólbelta, tegundaval og skjóláhrif. Einnig verður farið yfir val á landi, undirbúning lands, plöntuval, umhirðu og viðhald skjólbelta.



Námskeið nr. 13 Valnámskeið Vorönn 2011

>> Ræktun jólatrjáa

Fjallað verður um reynslu og tilraunaniðurstöður í jólatrjáa-ræktun hérlendis. Lýst verður hvernig ræktun er undirbúin, hvaða tegundir henta miðað við aðstæður og hvernig haga skal umhirðu til fá sem besta nýtingu.



Námskeið nr. 14 Vorönn 2011

>> Skógarumhirða

Fjallað um umhirðu ungskóga – svo sem snyrtingu, árangursmat og íbætur, tvítoppklippingu, kvistun og fyrstu grísjun. Ennfremur verða kynnt hentug tæki og notkun þeirra.



Námskeið nr. 15 Haustiönn 2011

>> Verkefni

Nemendur vinna verkefni sem þeir velja í samvinnu við leiðbeinendur. Verkefnið á að tengjast því sem fjallað hefur verið um á námskeiðunum eða í sambandi við skógrækt á jörð þátttakenda.



Námskeið nr. 16 Haustönn 2011

>> Verndun fornminja og náttúru í skógrækt

Þetta námskeið er haldið í samstarfi við Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins. Fjallað verður um gildi náttúruverndar og minjaverndar almennt og samspil þessara þátta við skógrækt.



>> Önnur námskeið

Endurmenntun Lbhl stendur árlega fyrir fjölda námskeiða. Yfirlit yfir þau er á vefsíðu skólans – www.lbhi.is



>> Þáttökugjald

Hver önn kostar kr. 41.000 (tvær annir á ári). Bændum er bent á að sækja um styrk í starfsmenntasjóð Bændasamtaka Íslands (www.bondi.is). Rétt á styrk eiga félagar í búnaðarfélagi eða félagi skógarbænda. Sama gildir um þá sem hafa fasta búsetu á lögbýli og/eða stunda búnaðargjaldskyldan rekstur.

Mörg verkalýðsfélög veita styrki vegna námsins.

Innifalið í þáttökugjaldi er kennsla, vettvangsferðir, fæði (kaffi og hádegismatur) og námskeiðsgögn.

>> Skráning og nánari upplýsingar

Starfsmenn Vesturlandsskóga (www.vestskogar.is) gefa nánari upplýsingar og skrá þátttakendur. Sigríður (433 7051), Sigvaldi (433 7052) og Guðmundur (433 7054). Fólk getur einnig sent bréf með nafni, heimilisfangi og kennitölu á netfangið vestskogar@vestskogar.is.

Björgvin Örn Eggertsson, verkefnisstjóri Grænni skóga, gefur einnig upplýsingar. Sími Björgvins er 433 5305 og netfangið er bjorgvin@lbhi.is.

Skráningarfrestur er til 20. mars 2009. Hámarksfjöldi þátttakenda er þrjátíu.

Eina leiðin til að tryggja sér öruggt pláss er að skrá sig sem fyrst!